

REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 984/2008
um skipan og fundarsköp háskólaþings Háskóla Íslands.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglnanna:

- a. 1. málslíður 1. mgr. orðast svo: Á háskólaþingi eiga sæti rektor, forsetar fræðasviða, deildarforsetar og formaður Stúdentaráðs.
- b. 3. málslíður 1. mgr. orðast svo: Varadeildarforseti situr háskólaþing í forföllum deildarforseta og varaformaður Stúdentaráðs situr háskólaþing í forföllum formanns Stúdentaráðs.

2. gr.

4. gr. reglnanna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Skipunartími tilnefndra fulltrúa nemenda.

Skipunartími tilnefndra fulltrúa nemenda á háskólaþingi er eitt ár í senn. Tilnefningu fulltrúa skal lokið fyrir 1. mars og miðast upphaf skipunartímabils við 1. júlí og lok við 30. júní að ári liðnu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglnanna:

- a. Við upptalningu stofnana undir tölulið 4 í 1. mgr., á eftir orðunum „Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands“, bætist: Þjóðminjasafn Íslands.
- b. Töluliður 5 í 1. mgr. orðast svo:
Tíu fulltrúar samtaka nemenda Háskóla Íslands tilnefndir af Stúdentaráði Háskóla Íslands.
Fyrir hvern fulltrúa skal tilnefna einn varamann.

4. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 24. maí 2016.

Jón Atli Benediktsson.

Halldór Jónsson.

B-deild – Útgáfud.: 13. júní 2016